


Leiðbeiningar fyrir niðurhal gagna af @karsnesskoli.is

Athugið að @karsnesskoli.is netföng hafa ótakmarkað gagnapláss en venjuleg @gmail netföng einungis 15 GB. Því gæti verið góð byrjun að taka til á @karsnesskoli.is drifinu áður en niðurhal hefst svo enginn óþarfi sé fluttur yfir. Með þessari leið eru gögnin undirbúin til niðrhals í gegnum tengil í tölvupósti. Því fleiri gögn, því lengri tíma tekur að hlaða niður.

1. Skráðu þig inn á @karsnesskoli.is netfangið þitt í Chrome vafra.
2. Farðu inn á <https://takeout.google.com>
3. Þessi leið býður þér upp á að taka gögn frá öllum þjónustuleiðum Google Apps for Education. Fæstar þeirra eru í notkun í íslensku skólakerfi og því betra að smella á “Velja ekkert”/“Deselect all” möguleikann og haka svo við það sem maður vill færa yfir. **Í flestum tilvikum á það einungis við um Google Drive og Gmail.**
4. Athugið að þau gögn sem liggja á Google Classroom eru í raun á Google Drive og því óþarfi að haka við Classroom.



5. Veldu þann afhendingarmáta sem hentar best. Með því að velja tengil í tölvupósti ertu einungis bundin/n við gagnapláss á tölvunni sjálfri. Með því að velja minni skráarstærð í útflutningi (neðst) kemurðu í veg fyrir mikið álag í niðurhali.

6.

BÚA TIL NÝJAN ÚTFLUTNING

Veldu gögn til að taka með

2 Veldu skráargerð, tíðni og áfangastað

Afhendingarmáti

Senda niðurhalstengil í tölvupósti

Þegar skrárnar þínar eru tilbúnar færðu tölvupóst með niðurhalstengli. Þú færð eina viku til að sækja skrárnar þínar.

Tíðni

Flytja út einu sinni
1 útflutningur

Flytja út annan hvern mánuð í eitt ár
6 sinnum flutt út

Skráargerð og stærð

.zip

Hægt er að opna zip-skrár í nánast hvaða tölvu sem er.

2 GB

Útflutningi sem er stærri en þetta verður skipt í margar skrár.

Búa til útflutning

7. Að safna saman gögnunum getur tekið 24 klukkustundir og stundum fleiri daga. Gögnin munu birtast á Google Drive undir möppu sem er merkt @karsnesskoli.is

Niðurhalstengillinn mun berast á @karsnesskoli.is netfangið þitt þegar allt er komið.

Framvinda útflutnings

Google er að búa til afrit af skráum úr 2 vörum
Það getur tekið langan tíma (jafnvel klukkustundir eða daga) að ljúka þessari vinnslu. Þú færð tölvupóst þegar útflutningnum er lokið.